

Grindavíkurbær  
Atli Geir Júlíusson  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík

Reykjavík, 27. febrúar 2023  
UST202302-323/A.B.  
10.04.03

## **Efni: Tillaga – Breyting á deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði í Grindavík - Grindavíkurbær**

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkurbæjar er barst 21. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði í Grindavík.

Í greinargerð kemur fram að markmið með skipulagsbreytingunni séu að endurbæta fótboltavelli og aðstöðu um þá með nýrri lýsingu keppnis- og æfingarvallar og tilfærslu vallanna, endurskipuleggja byggíngareiti byggínga á svæðinu, þannig lögun og hæð þeirra skapi sem minnst skugga á svæðinu og séu aðlagandi í heildarásýnd svæðisins og heimila niðurrif eldri byggínga og auka útivistagildi svæðisins með nýjum göngustígum og útivistasvæðum austast á svæðinu.

### **Hraun**

Í greinargerð gildandi deiliskipulags og breytingarinnar sem hér er til umfjöllunar er svæðinu lítið lýst, en samkvæmt loftmyndum virðast vera einhverjar jarðmyndanir á skipulagssvæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að hraun innan Grindavíkur nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í aðalskipulagi sveitarfélagsins segir að land- og umhverfisgæði verði nýtt til aukinnar tómtunda- og íþróttaiðkunar en jafnframt verði fullt tillit tekið til náttúrugæða.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um hraunið á skipulagsvæðinu og settir séu skilmálar um að svæðið sé hannað með þeim hætti að jarðmyndunum verði ekki raskað.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Agnes Þorkelsdóttir

***sérfræðingur***